



Leiðbeiningar með eyðublaði vegna breytinga á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun)

- i Tilgreina skal annað hvort fullt heiti lögaðilans eða auðkenni útgefanda eða undirliggjandi útgefanda á annan hátt, að því tilskildu að aðferðin sé áreiðanleg og nákvæm.
- ii Tilgreina skal fullt nafn (sbr. þjóðskrá) (a) eigenda hluta; (b) þess einstaklings eða lögaðila sem aflar, ráðstafar eða nýttir atkvæðisrétt við aðstæður sbr. b. – h. liða 1. mgr. 13. gr. laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu (hér eftir luf); (c) allra aðila samkomulags sbr. a. lið 1. mgr. 13. gr. luf., eða (d) aðila sem fer með yfirráð yfir fjármálagerningi sem veitir rétt til að afla þegar útgefina hluta sem atkvæðisréttur fylgir, eftir því sem við á.

Eftirfarandi listi er lagður fram í dæmaskyni um þá aðila sem skal tilgreina vegna viðskipta sbr. b. – h. liða 1. mgr. 13. gr. luf:

- í tilvikum sbr. b. liðar 1. mgr. 13. gr. luf, einstaklingurinn eða lögaðilinn sem aflar atkvæðisréttarins og hefur rétt til að nýta hann samkvæmt samkomulaginu, og einstaklingurinn eða lögaðilinn sem tímabundið flytur atkvæðisréttinn gegn endurgjaldi;
 - í tilvikum sbr. c. liðar 1. mgr. 13. gr. luf., einstaklingurinn eða lögaðilinn sem tekið hefur veðið eða fengið trygginguna, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingur eða lögaðili ráði yfir atkvæðisréttinum og lýsi því yfir að hann hyggist nýta hann, og einstaklingurinn eða lögaðilinn sem varðveitir andlag veðsins eða tryggingarinnar í þessum tilvikum;
 - í tilvikum sbr. d. liðar 1. mgr. 13. gr. luf., einstaklingurinn eða lögaðilinn sem á hin lífstíðarbundnu réttindi ef viðkomandi einstaklingur eða lögaðili á rétt á að nýta atkvæðisréttinn sem fylgir hlutunum, og einstaklingurinn eða lögaðilinn sem ráðstafar atkvæðisréttinum þegar stofnað er til hins lífstíðarbundna samkomulags;
 - í tilvikum sbr. e. liðar 1. mgr. 13. gr. luf., einstaklingurinn eða lögaðilinn sem fer með yfirráðin, og dótturfélagið, að því tilskildu viðkomandi dótturfélag sé flöggunarskylt skv. 12. gr., a. – d. liða 1. mgr. 13. gr. luf. eða samkvæmt hvers konar samsetningu af aðstæðum sem þessi ákvæði tilgreina;
 - í tilvikum sbr. f. lið 1. mgr. 13. gr. luf., einstaklingurinn eða lögaðilinn sem varðveitir hlutina, ef viðkomandi einstaklingur eða lögaðili getur nýtt atkvæðisrétt þann sem hlutunum fylgir samkvæmt eigin ákvörðun, og eigandi hlutanna sem veitir vörsluaðilanum rétt til að nýta atkvæðisréttinn samkvæmt eigin ákvörðun;
 - í tilvikum sbr. g. lið 1. mgr. 13. gr. luf., einstaklingurinn eða lögaðilinn sem fer með atkvæðisréttinn;
 - í tilvikum sbr. h. lið 1. mgr. 13. gr. luf., umboðsmaðurinn, ef hann getur nýtt atkvæðisréttinn samkvæmt eigin ákvörðun, og eigandi hlutanna sem hefur veitt umboðsmanninum umboð sitt sem gerir umboðsmanninum kleift að nýta atkvæðisréttinn samkvæmt eigin ákvörðun.
- iii Viðeigandi við aðstæður sbr. b.-h. lið 1. mgr. 13. gr. luf. Tilgreina skal fullt nafn eiganda hlutanna (sbr. þjóðskrá) sem er mótaðili þess einstaklings eða lögaðila sbr. 13. gr. luf. nema að hlutfall atkvæðisréttar sem eigandi hlutanna fer með sé lægra en lægsta mark flöggunarskyldu sbr. 1. mgr. 12. gr. luf.
 - iv Dagsetning sú þar sem farið er yfir flöggunarskyldumark ætti að jafnaði að vera sú dagsetning sem öflunin, ráðstöfunin eða möguleikinn á að nýta atkvæðisrétt tekur gildi. Þegar farið er yfir flöggunarskyldumark með óvirkum hætti, skal miða við þá dagsetningu sem viðkomandi atburður innan félagsins tók gildi, sbr. t.d. 19. gr. luf.
 - v Vinsamlega tilgreinið stöðuna eins og hún var samkvæmt síðustu tilkynningu. Í þeim tilvikum sem hlutfall atkvæðisréttar fyrir hin flöggunarskyldu viðskipti var lægra en lægsta mark flöggunarskyldu samkvæmt lögum, vinsamlega tilgreinið „lægra en lægsta mark“.

- vi Vinsamlega athugið að á Íslandi er nauðsynlegt að tilgreina nákvæmt hlutfall atkvæðisréttar eftir breytingu, sbr. a. lið 20. gr. luf.
Í tilvikum sbr. a lið 1. mgr. 13. gr. luf., skal ekki upplýsa um hlutfall atkvæðisréttar sem einstakir aðilar samkomulagsins fara með nema að tiltekinn aðili samkomulagsins nái eða fari með sjálfstæðum hætti yfir mörk flöggunarskyldu skv. 1. mgr. 12. gr. luf. Framangreint á við þegar til samkomulags er stofnað, því er breytt eða endir bundinn á það.
- vii Beint og óbeint.
- viii Ef atkvæðisrétturinn sem farið er með er samsettur af „beinum“ og „óbeinum“ atkvæðis-rétti, skal skipta fjölda atkvæða og hlutfallstölum (%) í beint og óbeint dálkana – ef ekki er um neina samsetningu að ræða, skal skilja viðkomandi reiti eftir auða.
- ix Atkvæðisréttur sem fylgir hlutum sem tilkynnandi fer með sbr. 1. mgr. 12. gr. luf.
- x Atkvæðisréttur sem tilkynnandi fer með óháð hvers konar eignarhlutdeild í hlutum sbr. 13. gr. luf.
- xi Vinsamlega athugið að á Íslandi er nauðsynlegt að tilgreina nákvæmt hlutfall atkvæðisréttar eftir breytingu, sbr. a. lið 20. gr. luf.
- xii Dagsetning gjalddaga/loka gildistíma fjármálagernings t.d. dagsetningin þar sem réttur til að afla hluta fellur niður.
- xiii Ef fjármálagerningur er háður lokagjalddaga eða tímabili af þessu tagi – vinsamlega tilgreinið viðkomandi tímabil – til dæmis einu sinni á þriggja mánaða fresti frá [dagsetning].
- xiv Tilgreina skal hvort fjármálagerningar samkvæmt b. lið 1. mgr. 14. gr. luf. megi gera upp efnislega eða með reiðufé, sbr. 3. mgr. 20. gr. luf.
- xv Í tilkynningu skal tilgreina heiti þeirra dótturfélaga þar sem farið er með yferráð yfir atkvæðisréttinum. Tilkynningin skal jafnframt tilgreina fjölda atkvæða og hlutfallstöluna (%) sem hvert dótturfélag fer með, að svo miklu leyti sem viðkomandi dótturfélag fer sjálfstætt með hlutfall atkvæðisréttar sem nær eða er hærra en lægsta mark flöggunarskyldu samkvæmt innlendum lögum, og að svo miklu leyti sem tilkynningu móðurfélagsins er ætlað að ná yfir flöggunarskyldu dótturfélagsins.